

HVAÐ ER AÐ GERAST UM HELGINA?

LEIKLIST

Tjarnarbíó:

„Light Nights“


Ferðaleikhúsið, sem einnig starfar undir heitinu „The Summer Theatre“ starfar nú 15. sumarið í röð. Í sumar mun leikhúsið að vanda vera með sýningar fyrir erlenda ferðamenn, sem nefnast „Light Nights“. Sýningarnar eru í kvöldvökuformi og eru atriði alls 30 í þremur þáttum. Kristín G. Magnús, leikkona, er sögumaður og flytur allt talað efni á ensku. Sýningar eru alla fimmtudaga, föstudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 21 í Tjarnarbíói.

TÓNLIST

Íslenska óperan:

Sumardagskrá

Íslenska óperan verður með „sumarprógram“ í kvöld kl. 21. Meðal atriða eru íslensk kór- og einsöngslög, auk atriða úr þekktum óperum og óperettum. Í hléi verður gestum kenndur vikivaki í forstofunni. Kór óperunnar kemur fram, auk einsöngvara. Stjórnandi er Garðar Cortez og undirleikari Þóra Friða Sæmundsdóttir.



Skálholt:

Sumartónleikar

Á morgun og á sunnudag leika trompetleikarinn Ásgeir H. Steingrímsson og orgelleikarinn Orthulf Prunner á síðustu tónleikum sumarsins í Skálholtskirkju. Á efnisskránni er barokktónlist eftir

Torelli, Vivaldi, Bach, Händel og Purcell auk þess sem flutt verður stef úr Þorlákstíðum frá 13. öld.

Ásgeir H. Steingrímsson lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1979 og prófi frá Mannes College of Music í New York árið 1983. Orthulf Prunner er Austurríkismaður, en hefur verið búsettur hér á landi í nokkur ár. Hann stundaði orgelnám hjá Anton Heller í Vín. Tónleikar Ásgeirs og Orthulfs hefjast kl. 16 báða dagana.

SAMKOMUR

Árbæjarsafn:

Fiskafólk

Árbæjarsafn er nú opið alla daga nema mánudaga kl. 13.30—18.

Þar stendur nú yfir sýning frá Færeyjum, sem nefnist „Fiskafólk“ og fjallar hún um líf og störf fólks í Færeyjum á árunum 1920—1940. Kaffiveitingar verða í Dillonshúsi.

„Healer“-skólinn:

Námskeið

Kynningarnámskeið um Norræna „Healer“-skólann verður haldið í kvöld og á morgun í Skátaheimilinu, Íþróttahúsinu við Nesveg í Reykjavík. Rætt verður um vatnsberaöldina, hugleiðsluáferðir, endurfæðingu, sýndar skuggamyndir o.fl. Námskeiðið verður kl. 20—22.30 í kvöld og kl. 10—16.30 á morgun.

Laugardalur:

KR—Liverpool

KR-ingar keppa við Englands-, Mjólkurbikar-, og Evrópumeistara Liverpool á Laugardalsvelli á sunnudag kl. 14.

MYNDLIST

Ásgrímssafn:

Sumarsýning

Árleg sumarsýning Ásgrímssafns við Bergstaðastræti stendur



Kjarvalsstaðir:

Ungir listamenn

FIMM ungir listamenn opna á morgun sýningu í austursal Kjarvalsstaða. Það eru þau Aðalheiður Valgeirsdóttir, Hildi-

gunnur Gunnarsdóttir, Lára Gunnarsdóttir, Sigurbjörn Jónsson og Svala Jónsdóttir. Á sýningunni eru um 40 verk,

bæði grafikmyndir og teikningar. Sýningin er opin daglega frá kl. 14 til 22, en henni lýkur 26. ágúst.

nú yfir. Á sýningunni eru olíu- og vatnslitamyndir, m.a. nokkur stór málverk frá Húsafelli og olíumálverk frá Vestmannaeyjum frá árinu 1903, en það er eitt af elstu verkum safnsins.

Sýningin er opin alla daga, nema laugardaga, frá kl. 13.30—16, fram í lok ágústmánaðar.

Ásmundarsalur:

Magnús Heimir

Magnús Heimir Gíslason, byggjngarfræðingur, heldur um þessar

mundir sýningu á 40 vatnslitamyndum í Ásmundarsal við Freyjugötu. Sýningin er fyrsta einkasýning Magnúsar Heimis og er hún opin frá kl. 16—22 virka daga og kl. 14—22 um helgar. Henni lýkur á sunnudag.

Listasafn Einars Jónssonar:

Sýning í Safnahúsi og höggmyndagarði

Listasafn Einars Jónssonar hefur nú verið opnað eftir endurbætur. Safnahúsið er opið daglega, nema á mánudögum, frá kl. 13.30—16 og höggmyndagarðurinn, sem í eru 24 eirafsteypur af verkum listamannsins, er opin frá kl. 10—18.

Dagur í Djúpinu

Dagur heldur nú málverkasýningu í Djúpinu að Hafnarstræti 15 í Reykjavík. Á sýningunni eru 17 myndir, málaðar með akrýllitum og eru þær flestar málaðar á síðasta ári. Sýning Dags stendur út ágústmánuð.

Hveradalir:

Bjarni Jónsson

Bjarni Jónsson, listmálari, heldur nú sýningu í Skíðaskálanum í Hveradólu. Á sýningunni eru teikningar, vatnslitamyndir og olíumálverk af gömlum húsum í Vestmannaeyjum og byggðinni þar eins og hún var forðum daga. Auk Eyjamýnda eru nokkrar aðrar myndir. Sýning Bjarna er opin alla daga um óákveðinn tíma.

Akureyri:

Verk Örlygs Kristfinnssonar

Örlygur Kristfinnsson kynnir nú verk sín í Alþýðubankanum á Akureyri. Örlygur hefur haldið fjórar einkasýningar áður, en að sýningunni í Alþýðubankanum standa, auk bankans, Menningarsamtök Norðlendinga.

Norræna húsið:

Hexagon

Í Norræna húsinu stendur nú yfir sýning á verkum 6 norræna textillistamanna, og nefnir hópurinn sig Hexagon. Hópurinn mynda þær Inger-Johanne Brautaset og Wenche Kvalstad-Eckhoff frá Norgei, Maj-Britt Engström og Eva Stephenson-Möller frá Svíþjóð og Íslendingarnir Þorbjörg Þórðardóttir og Guðrún Gunnarsdóttir. Á sýningunni eru 55 verk og stendur hún til sunnudags.

Mokka:

Guðmundur Hinriksson

Guðmundur Hinriksson, myndlistarmaður, sýnir nú vatns-vaxlitamyndir á Mokka við Skólavörðustíg, en hann hefur áður haldið sýningar hér og erlendis. Myndirnar eru um 20 talsins og eru unnar þannig, að vaxið er brætt yfir vatnslitinn og síðan skafið af þegar myndinni er lokið. Sýningu Guðmundar lýkur um miðjan ágústmánuð.

Þröstalundur:

Valtýr Pétursson

Valtýr Pétursson, listmálari, sýnir nú 20 litlar myndir málaðar með olíulitum í Þröstalundi við Sog. Þetta er 11. árið í röð sem Valtýr sýnir í Þröstalundi um verslunarmannahelgina. Hann hefur haldið margar sýningar, bæði hér og erlendis, en sýning hans í Þröstalundi stendur fram í miðjan ágúst.

Ábending

ÞEIM aðilum sem hafa hug á að senda fréttatilkynningar í þáttinn „Hvað er að gerast um helgina?“ er bent á að skila þeim eigi síðar en kl. 18.30 á miðvikudögum. Efni í þáttinn er ekki tekið í gegnum síma, nema utan af landi.



Vík í Mýrdal:

Ragna Björg

RAGNA Björg, myndlistarmaður, opnar á morgun sýningu á verkum sínum að Leikskálaum,

Vík í Mýrdal. Á sýningunni eru olíu- og vatnslitamyndir, flestar úr Skaftafellssýslum. Sýningin

er opin alla daga frá kl. 14 til 22, en henni lýkur sunnudaginn 19. ágúst.